

33. tbl.

9 okt. 2024

31 árg.

Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386



Þingeyjarsveit

Auglýsing um skipulag – Þingeyjarsveit

Málsnúmer One System: 2405024

Dagsetning: 2. október 2024

Kröfluvirkjun, niðurdælingaholur - deiliskipulagsbreyting

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkti þann 26. september 2024 að auglýsa tillögu að deiliskipulagsbreytingu Kröfluvirkjunar í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Áhersla hefur verið á að draga úr yfirborðslosun þéttivatns í Dallæk og er því lagt til að bæta í niðurdælingu þéttivatns. Breyting á deiliskipulagi fellist í því að staðsettar eru tvær nýjar niðurdælingarholur fyrir förgun á þéttivatni frá Kröflustöð á þegar skilgreindu 0,4 ha niðurdælingasvæði sunnan við kæliturninn í Kröflu. Innan niðurdælingarsvæðisins er fyrir ein niðurdælingarhola sem var boruð árið 2022.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta eða vilja gera athugasemdir er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna á auglýsingatíma sem er til 18. nóvember 2024. Tillagan er aðgengileg í skipulagsgátt, mál nr. 1189/2024 og skal athugasemdum skilað í gegnum gáttina.

Skipulagsfulltrúi Þingeyjarsveitar



Messa Þóroddstað

Messa verður á Þóroddsstað fimmtudaginn

17. október klukkan 20:00.

ATHUGIÐ BREYTTAN MESSUTÍMA.

Verið öll velkomin.

Séra Þorgrímur.



Messa í Nesi

Almenn guðsþjónusta verður í Nesi
næstkomandi sunnudag 13. október klukkan 11:00

Verið öll velkomin.

Séra Þorgrímur.



Þingeyjarsveit

Auglýsing um skipulag – Þingeyjarsveit

Málsnúmer One System: 2405027

Dagsetning: 27. september 2024

Vogar I – aðal- og deiliskipulagsbreyting

Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst eftirfarandi tillaga að breytingu aðalskipulags:

Hluta frístundabyggðar í landi Voga I breytt í íbúðarsvæði. Breyting á Aðalskipulags Skútustaðahrepps 2011 - 2023.

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkti þann 26. september 2024 að auglýsa tillögu að breytingu Aðalskipulags Skútustaðahrepps 2011 - 2023.

Tillagan gerir ráð fyrir að hluti frístundabyggðar 332-F í landi Voga 1 verði íbúðarsvæði. Einnig mun þegar byggt íbúðarhús á landbúnaðarlandi falla undir íbúðarsvæðið og verður heimilað að reisa allt að 7 íbúðarhús á tveimur hæðum.

Samhliða er auglýst tillaga að deiliskipulagsbreytingu Voga I.

Tillagan er aðgengileg í skipulagsgátt, mál nr. 122/2023.

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst eftirfarandi tillaga deiliskipulagsbreytingar:

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkti þann 26. september 2024 að auglýsa tillögu að breytingu deiliskipulags fyrir Voga I, ferðaþjónustusvæði og frístundabyggð.

Tillagan gerir ráð fyrir að 6 frístundalóðum verður breytt í íbúðalóðir auk þess að auka byggingarheimild á hverri lóð úr 120 m² í 250 m². Einnig verður heimilt að reisa hús á tveimur hæðum. Landsvæði Bjarkar er tekið út fyrir skipulagssvæðið og er nú ekki hluti skipulags. Fyrirhuguð lega aðkomuvegar að svæðinu færast til norðurs og mun liggja norðan við svæði Bjarkar um land Voga I.

Samhliða er auglýst tillaga að breytingu Aðalskipulags Skútustaðahrepps 2011 – 2023.

Tillagan er aðgengileg í skipulagsgátt, mál nr. 830/2024.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar. Frestur til að skila inn athugasemdum er til 18. nóvember 2024. Athugasemdum skal skilað í gegnum skipulagsgáttina, www.skipulagsgatt.is.

Skipulagsfulltrúi Þingeyjarsveitar



Hlaupastelpan

Hlaupastelpan er gefin út á miðvikudögum, velflestar vikur ársins,
Auglýsingum þarf að skila á **mánudögum fyrir kl. 15:00.**

Verðskrá:

Hálfsíðuauglýsing *kr. 4.600.- m.vsk*
heilsíðuauglýsing *kr. 6.620.- m.vsk.*

<https://www.thingeyjarsveit.is/is/hlaupastelpan>

